

Bókun íbúaráðs Miðborgar og Hlíða, 28. september 2021

4.

Lagt fram bréf aðgengis- og samráðsnefndar dags. 22. september 2021 vegna aðgengismála í Nauthólsvík.

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða leggur fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráð þakkar aðgengis- og samráðsnefnd fyrir ítarlegt svar og fagnar því að ráðast á í framkvæmdir til þess að bæta aðgengi allra að Ylströndinni. Í yfirlitinu er ósvarað þeirri ítrekuðu beiðni okkar að keyptur verði sérstakur hjólastóll sem kemst um svæðið er hægt að fara í úr klefum og alla leið að/ ofaní sjó. Við höfðum fengið þær upplýsingar innan úr kerfinu að þetta stæði til í lok sumars en svo virðist sem töf hafi orðið á því. Ráðið óskar eftir upplýsingum um stöðu mála hvað varðar kaup á slíkum stól. Ráðið óskar einnig eftir að fá upplýsingar um skýrsluna sem gerð var og lokatillögur uppdráttar. Ráðið óskar eftir því að samráð verði haft við þau sem hafa mest not fyrir þessar lagfæringar sem standa fyrir dyrum í Nauthólsvík.